



9.bekkur

Íslenska

Tímafjöldi á viku: 6 kennslustundir

Kennari: Sigríður Dóra Gísladóttir

Námsefni

Málið í mark- sagnorð, ritstj. Ása Marín Hafsteinsdóttir, Finnur II, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Kjalnesinga saga, Korku saga, Vilborg Davíðsdóttir, Sverðberinn, Ragnheiður Gestsdóttir, Með fjaðrabliki, Anna Steinunn Valdimarsdóttir og Ingibjörg Sigtryggsdóttir, kjörbækur, ljóð og Íslendingaþættir. Auk þess verður ljósritað efni nýtt og stuðst við ýmis uppflettirit s.s. Málfinn, Skrifinn, Hugfinn, íslenska orðabók, samheitaorðabók og málshátta- og orðtakabækur. Hinir ýmsu vefir verða nýttir við kennslu, þjálfun og til upplýsingar fyrir nemendur. Má þar nefna vefi Árnastofnunar, Skólavefinn, vef Menntamálastofnunar og marga fleiri.

Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar þar sem unnið er með bókmenntir og lestur, ritun, tjáningu, málfræði og stafsetningu. Markmiðið er að gera nemendur betri málnotendur og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Mikil áhersla er lögð á bókmenntir og lestur með það að markmiði að nemendur geti lesið sér til gagns og ánægju. Áhersla er lögð á að nemendur styrki stöðu sína í lesskilningi og auki leshraðann. Nemendur þjálfast í að tjá sig munnlega og skriflega og öðlast færni í skipulögðum vinnubrögðum við ritgerðasmíð. Nemendur kynnast beygingar- og merkingarlegum einkennum allra orðflokka og átta sig á hlutverki þeirra í texta, þekki persónu, tölu, tíð, hátt og mynd sagna og að greina orð í setningarhluta. Ýmist er unnið einstaklingslega eða í samvinnu við aðra, í para- og hópavinnu. Lögð er áhersla á sjálfstæði, góð vinnubrögð og ábyrgð á eigin námi.



Ritun	<ul style="list-style-type: none">• geti lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og átti sig á ólíkum stílbrögðum• geti leitað og aflað sér heimilda, lagt mat á gildi og trúverðugleika efnisins og tekið gagnrýna afstöðu til þess• geti beitt reglum um réttritun, hafi náð góðu valdi á stafsetningu og geri sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda• geti valið og skrifað mismunandi textagerðir eftir því sem við á og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi• geti notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni• geti notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir og vísað til þeirra• geti skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann
Málfræði	<ul style="list-style-type: none">• geti beitt helstu málfræðihugtökum sem hann þarf að hafa á valdi sínu við lok 9. bekkjar• geti áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra• geti greint sérhvert íslenskt orð í orðflokka• geti áttað sig á beygingareinkennum sagna; tíð, persónu, tölu, mynd og hætti
Setningafræði	<ul style="list-style-type: none">• geti greint orð í setningarhluta s.s. frumlag, umsögn og andlag



Námsmat

Námsmat er fjölbreytt þar sem verkefni, kannanir og próf vetrarins eru metin ásamt vinnubrögðum í tímum.

Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 6 kennslustundir

Kennari: Arnar Bjarnason og Linda Arilíusdóttir

Námsefni

8-10 bækur 3 og 4. Vinkill 2. Námsefni af netinu.

Kennsluaðferðir

Lögð áhersla á samvinnu nemenda við lausn á verkefnum.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Tölur	<ul style="list-style-type: none">þekki helstu talnamengi og einkenni þeirra
Rými	<ul style="list-style-type: none">þekki ýmsar leiðir við talnaritun
Algebra, jöfnur og gröf	<ul style="list-style-type: none">geti skráð stórar tölur og smáargeti beitt helstu reiknireglum um veldigeti lesið texta um stærðfræðilegt efni sér til skilnings



Talnameðferð	<ul style="list-style-type: none">• þekki einkenni tvívíðra og þrívíðra forma
Rökfræði og mengi	<ul style="list-style-type: none">• þekki ýmsar gerðir margflötunga og einkenni þeirra
Almenn brot	<ul style="list-style-type: none">• geti nýtt sér samband milli fjölda brúna, horna og flata í reglulegum margflötungum
Hlutföll	<ul style="list-style-type: none">• geti fundið rúmmál og yfirborðsflatarmál réttra strendinga
Stæður	<ul style="list-style-type: none">• geti notað stæður til að skrá samband stærða
Tölfræði og líkindi	<ul style="list-style-type: none">• þekki formlegar reglum um forgangsröðun aðgerða• geti einfaldað stæður með því að draga saman líka liði, þáttað og margfaldað inn í sviga
Fjármál	<ul style="list-style-type: none">• geti nýtt sér stæður og jöfnur til að leysa gátur og ýmis viðfangsefni úr daglegu lífi
Hyrningar og hringir	<ul style="list-style-type: none">• geti sýnt samband stærða með orðum, jöfnum, töflum og gröfum• geti teiknað graf jöfnu• þekki einkenni beinnar línu• geti gert greinarmun á jöfnu og stæðu• geti beitt helstu reiknireglum• geti reiknað með jákvæðum- og neikvæðum tölum• þekki helstu hugtök mengjafræðinnar• geti lýst mengjum með orðum, upptalningu, mengjamyndum eða táknmáli stærðfræðinnar• þekki ýmsar leiðir við brotareikning• geti sett fram niðurstöður og rökstutt niðurstöður í brotareikningi• geti fengist við hlutföll í ýmsu samhengi• þekki hugtakið einlögun• geti unnið með algeng stærðfræðiheiti og tákni• geti notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu til að einfalda táknafræðingum• geti notað algebru til að tákna samband stærða
Tími	



	<ul style="list-style-type: none">• geti nýtt fjölbreytt myndrit við framsetningu gagna• geti dregið ályktanir af tölfræðilegum gögnum• geti greint upplýsingar og sett útreikninga fram á skipulagðan hátt• geti nýtt stærðfræðipekkingu á valin svið daglegs lífs• geti reiknað vaxtavexti• þekki ýmsar gerðir marghyrninga• geti fundið flatarmál, ummál, hornastærðir og hornasummu marghyrninga• þekki hugtökin hringur, þvermál, geisli, bogi og hringgeiri• geti notað hringfara til að finna miðju striks, teikna horn og tvískipta horni• þekki mælieiningar tímatalsins• geti skráð tíma af nákvæmni• geti skráð hraða með ólíkum viðmiðum og reiknað út hraða
--	---

Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat. T.d. skriflegar kannanir, hópverkefni, skilaverkefni/heimapróf unnin heima, tímaverkefni, paravinna og glósupróf.

Enska

Tímafjöldi á viku: 4 tímar

Kennari: Sigurður Sveinn Þorkelsson



Námsefni

Spotlight 9 námsbók og vinnubók. Fjölrítaður texti og verkefni, gagnvirkt efni af netinu, enskar kvikmyndir og / eða þættir á ensku og tónlist.

Kennsluaðferðir

Áhersla er lögð á hina fjóra þætti alls tungumálanáms; lestur, hlustun, tal og ritun. Unnið verður með efni úr námsbókinni. Hlustunaræfingar fylgja námsefninu, auk ritunarverkefna. Framburður verður þjálfaður í upplestri, sérstökum samtalsverkefnum og í leik. Nemendur lesa stuttar sögur og vinna verkefni í tengslum við þær. Einnig horfa nemendur á enskumælandi kvikmyndir og annað leikið efni hlusta á tónlist hvar rýnt er í texta og ljóð. Ýmis tilfallandi verkefni þessu tengt.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Ítarlegri málfræði kynnt og unnin verkefni henni tengd. Farið í grundvallaratriði setningarfræðinnar í ensku með tilliti til orðaröðunar.	<ul style="list-style-type: none">• geti lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum• geti fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilangi að nýta í verkefnavinnu• geti tileinkað sér afmarkað efni t.d. úr bókum og tímaritum og fjallað um efni þeirra• geti hlustað eftir upplýsingum og unnið með þær, m.a. til að auka orðaforða• geti hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur t.d. tilkynningum og leiðbeiningum



	<ul style="list-style-type: none">• geti fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar og tjáð sig um það• geti sýnt fram á að þeir séu nokkuð samræðuhæfir um efni sem þeir þekkja• geti notað málið sem samskiptamiðil í kennslustunum• geti flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu• geti skrifað samfelldan texta 150-220 orð• geti beitt grunnreglum málfræði og stafsetningu við ritun• geti sýnt fram á að þeir þekki nokkuð til sögu og menningu enskumælandi þjóða• geti unnið sjálfstætt og með öðrum• geti nýtt sér fleiri hjálpartæki en orðabækur á gagnrýnin hátt s.s. leiðréttingarforrit og netið (t.d. dictionary.com og Wikipedia)
--	--

Námsmat

Símat verkefna eftir því sem fram vindur. Hefðbundin próf með lesskilningi, ritun, málfræði- og stafsetningarspurningum. Munnlegt próf um afmarkað efni. Horft til frágangs og uppsetningar ritaðs máls. Hlustunarverkefni, framsögn, framburður og samvinnuverkefni.

Danska

Tímafjöldi á viku: 4 tímar

Kennari: Þórunn Einarsdóttir



Námsefni

Smil, lesbók og vinnubók A og B eftir. *Ásdísi Lovísu Grétarsdóttur og Esnu Jessen*. Dejilige Danmark, lesbók og vinnubók eftir *Ásdísi Lovísu Grétarsdóttur og Ernu Jessen*. Pinligt, *Harpa Jónsdóttir tók saman*. Dumme SMS'er til Sofie, *Jørn Jensen*. Grammatik, málfræðibók og æfingar eftir *Arnbjörgu Eiðsdóttur og Kristínu Jóhannesdóttur*. Fjölrítað efni, gagnvirkt efni af netinu, danskar kvikmyndir og þættir með dönskum texta, ævintýri og dönsk tónlist.

Kennsluaðferðir

Unnið verður með valin þemu úr námsbókinni. Hlustunaræfingar fylgja námsefninu, auk ritunarverkefna. Framburður verður þjálfður með sérstökum samtalsverkefnum og í gegnum leik. Nemendur lesa stuttar sögur og vinna verkefni í tengslum við þær. Nemendur þjálfist í að vinna saman í smærri hópum t.d. við gerð stuttmýnda og iPadverkefna í tengslum við ákveðin viðfangsefni. Einnig horfa nemendur á danskar kvikmyndir, þætti og hlusta á danska tónlist og vinna verkefni þessu tengdu.

Áætlun

Efnisþættir	Nám sviðið Nemandinn:
Fatnaður og fylgihlutir Matur Danmörk Samskipti í gegnum tíðina Framtíðardraumar Víkingar	<ul style="list-style-type: none">• geti hlustað eftir upplýsingum og unnið með þær til að auka orðaforða• geti hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur t.d. tilkynningum og leiðbeiningum• geti fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar og unnið verkefni því tengdu• geti lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum og fjallað um efni þeirra• geti fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilangi að nýta í verkefnavinnu



	<ul style="list-style-type: none">• geti sýnt fram á að hann sé nokkuð samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel• geti notað málið sem samskiptamiðil í kennslustunum• geti flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu• geti skrifað samfelldan texta 80-100 orð• geti beitt grunnreglum málfræði og stafsetningu við ritun• geti sýnt fram á að hann þekki nokkuð til hvað einkennir danskt þjóðfélag• geti unnið sjálfstætt og með öðrum• geti nýtt sér ýmis hjálpartæki á gagnrýnin hátt s.s. orðabækur, leiðréttingarforrit og netið (t.d. snara.is, islex.is)• geti beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati
--	--

Námsmat

Lögð er áhersla á leiðsagnarmat í formi umsagnir fyrir t.d. lesskilnings- og orðaforðakannanir, hlustunarverkefni, framsögn/frásögn, ritunarverkefni og hópverkefni.

Samfélagsgreinar – Landfræði

Tímafjöldi á viku: 2 (hálfan vetur)

Kennari: Margrét Ásgeirsdóttir



Námsefni

Um víða veröld – Heimsálfur höfundur Hilmar Egill Sveinbjörnsson

Kortabók, Netíð og ýmis annað tilfallandi efni.

Kennsluaðferðir

Notaðar eru kennsluaðferðir sem henta vel til að kynna nemendum vísindaleg vinnubrögð m.a. ýmsar leitaraðferðir sem veita nemendum þjálfun í að afla upplýsinga og vinna úr þeim með skipulögðum hætti. Einnig er lögð áhersla á að nota umræðu- og spurnaraðferðir þar sem nemendur skiptast á skoðunum eða rökræða, velta fyrir sér mismunandi hliðum tiltekins máls. Hópvinna er stór þáttur kennslunnar þar sem nemendur fá tækifæri til að æfa samræður, tjáningu og dýpka skilning sinn á efninu. Mikið er lagt upp úr sjálfstæðum vinnubrögðum.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Maður og náttúra Asía Afríka Norður-Ameríka Suður-Ameríka Eyjaálfa	<ul style="list-style-type: none">• geti sýnt fram á skilningi á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf• geti aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.• geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum• þekki landslag og náttúrufar ólíkra heimsálfa, náttúruauðlindir og atvinnuhætti.• Geti rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi



- greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum
- greint mynstur mannglegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum

Námsmat

Námsmatið er hluti af náms- og kennsluferlinu og byggir á leiðsagnarmat. Matsaðferðirnar eru fjölbreyttar eftir viðfangsefninu hverju sinni.

Samfélagsgreinar – Saga

Tímafjöldi á viku: 2 (hálfan vetur)

Kennari: Margrét Ásgeirsdóttir

Námsefni

Styrjaldir og kreppa eftir Synnøve Veinan Hellerud, Ketil Knutsen og Sigríð Moen

Heimildarmyndir, Netíð og ýmislegt annað efni sem tengist viðfangsefninu.

Kennsluaðferðir

Notaðar eru kennsluaðferðir sem henta vel til að kynna nemendum vísindaleg vinnubrögð m.a. ýmsar leitaraðferðir sem veita nemendum þjálfun í að afla upplýsinga og vinna úr þeim með skipulögðum hætti. Einnig er lögð áhersla á að nota umræðu- og spurnaraðferðir þar sem nemendur skiptast á skoðunum eða rökræða, velta fyrir sér mismunandi hliðum tiltekins máls. Hópvinna er stór þáttur kennslunnar þar sem nemendur fá tækifæri til að æfa samræður, tjáningu og dýpka skilning sinn á efninu. Mikið er lagt upp úr sjálfstæðum vinnubrögðum.



Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Fyrri heimsstyrjöldin Stéttabarátta Velmegun og heimskreppa Seinni heimsstyrjöldin og áhrif hennar	<ul style="list-style-type: none">• skapi sögu um fólkið í fortíðinni og sýni hvernig félagslegir rammar hafa áhrif á hugsanir og gerðir fólks• geri sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum• þekki muninn á sagnarheimild og vottaheimild• skoði orsakir og afleiðingar ýmissa stóratburða í sögunni• þekki rússnesku byltinguna og meginatriði í átökum 20.aldar• þekki hugtökin: nasismi, kommúnismi, frjálshyggja og jafnaðarstefna• Nemendur læri að skrifa heimildaritgerð

Námsmat

Námsmatið er hluti af náms- og kennsluferlinu og byggir á leiðsagnarmat. Matsaðferðirnar eru fjölbreyttar eftir viðfangsefninu hverju sinni.

Samfélagsgreinar - lífsleikni

Tímafjöldi á viku: 1



Kennari: Margrét Ásgeirsdóttir

Námsefni

Huxarinn - verkefnabók í jafnréttisfræðslu höf. Íris Arnardóttir og annað tilfallandi efni.

Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir sem auka hæfni í samfélagsgreinum m.a. umræðu- og spurnaraðferðir sem þjálfa samræðu og gagnrýna hugsun. Hópvinna sem felur í sér samkennd, samræður og tjáningu. Bekkjarfundir sem reyna á lýðræðislegt skipulag, umburðalyndi og gagnkvæma virðingu.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Félagsvitund	<ul style="list-style-type: none">• geti gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum og tekið ákvarðanir á grunni þeirrar sjálfsþekkingar• geti bent á, fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysaáhrifum í umhverfinu og náttúrunni• geti vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmýndar og hefur áræðni til að móta eigin ímynd, lífstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt• geti lýst margbreytileika tilfinninga og bent á vixlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta• geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum
Umburðarlyndi	
Félagsfærni	
Jafnrétti	
Réttlæti	
Virðing	
Mannréttindi	
Samræða	
Gagnrýn hugsun	
Tjáning	



	<ul style="list-style-type: none">• geti tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu• geti vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausan og réttisýnan hátt• geti fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum• geti rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi• sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga
--	--

Námsmat

Námsmat er í formi umsagnar og byggir á virkni í tímum, þátttöku í umræðum og samvinnu.

Náttúrufræði

Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir

Kennari: Anna Halldórsdóttir

Námsefni

Fyrir áramót er unnið með viðfangsefni úr eðlisfræði. Byrjað er á eðlisfræði þar sem stuðst er við valda kafla úr bókinni Eðlisfræði 2. Fjallað er um krafta í náttúrunni og tengt við daglegt líf. Stefnt á að klára eðlisfræðina í lok október / byrjun nóvember. Eftir eðlisfræðina er skipt yfir í stjörnufræði og stuðst við efni í bókinni Eðlisfræði 3. Stjörnufræðin stendur yfir eitthvað fram í janúar. Eftir áramót, frá seinni hluta janúar eða byrjun febrúar, er unnið með líffræði mannlíkamans. Stuðst er við bókina Mannlíkaminn.



Kennsluáðferðir

Eðlisfræði fyrir áramót: Í stjörnufræðinni er að mestu lagt upp með innlagnir og umræður. Ýmis verkefnavinna er svo í tímum þar sem nemendur útbúa m.a myndbönd um ýmis hugtök sem unnið er með. Nemendur fylgjast með kvartilaskiptum tunglsins í einn mánuð og skrá hjá sér. Einnig vinna þeir í hópum að stóru hópverkefni um tækni og geiminn sem þeir flytja fyrir samnemendur sína. Í eðlisfræðinni er unnið með efnisatriðið úr texta kennslubókarinnar og áhersla á umræður, tímaverkefni og einfalda verklega vinnu til að styrkja skilning nemenda. Líffræði eftir áramót: Í líffræðinni eru innlagnir á sumum þáttum en umræður og sjálfstæð vinna nemenda er fyrirferðarmeiri. Nemendur kynna sér efnið og kenna hver öðrum í sem flestum efnisþáttum. Nemendur vinna ýmis verkefni í tímum og fá tækifæri til að skoða innyfli svína.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðið Nemandinn:
<u>EÐLISFRÆÐI</u> Sólkerfið (uppbygging, fyrirbæri, hugtök) Tækni og geimurinn Mælingar (lengd, massi, þyngd, rúmmál, eðlismassi) Kraftur Afl og vinna Lögmál Newtons	<u>EÐLISFRÆÐI</u> <ul style="list-style-type: none">• geti útskýrt og borið saman ýmis hugtök sem tengjast innan stjörnufræðinnar: t.d. reikistjarna, fastastjarna, sólkerfi, vetrarbraut, fylgihnöttur, lífbelti• geti rætt af skilningi um uppbyggingu alheimsins og stöðu jarðar og annarra reikistjarna bæði í vetrarbrautinni og innan sólkerfisins• geri sér grein fyrir stöðu mannsins í stóru samhengi, smæð hans í alheimi og velti fyrir sér eigin lífssýn út frá því• kynnist lauslega kenningum um myndun sólkerfisins (geimpökukenning) og uppbyggingu



sólkerfisins (jarðmiðjukenning og sólmiðjukenning)

- geti notað hugtökin umferðartími, snúningstími og möndulhalli til að útskýra ár, dægraskipti og árstíðaskipti
- skilji afstöðuna milli sólar, jarðar og tungls og geti þannig útskýrt fyrirbærin kvartilaskipti, sólmyrkvi og tunglmyrkvi
- -skoði og uppgötvi himingeiminn með eigin athugunum með því að fylgjast með kvartilaskiptum og finna stjörnumerki
- -geti notað hugtökin ljóshraði og ljósár til að ræða fjarlægðir í geimnum
- kynnist því hvernig rannsóknir í geimvísindum hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf í samfélaginu
- geri sér grein fyrir hvernig tæknibúnaður úti í geimnum hefur áhrif á daglegt líf hans t.d. notkun gervihnatta
- geti útskýrt hugtökin lengd, massi, þyngd, rúmmál og eðlismassi. Noti mælieiningar-
- geti reiknað út þyngd, rúmmál og eðlismassa
- geti beitt hugtökum í eðlisfræði og yfirfært á daglegt líf
- geti útskýrt hugtök á borð við kraftur, núningur, þrýstingur, afl og vinna og tengt við lífið í kringum sig
- geti aflað gagna í samvinnu við aðra, skráð hjá sér, unnið úr gögnunum og komið frá sér niðurstöðum á skýrsluformi
- -skilji hvernig einfaldar vélar og tækni vinna að því að auðvelda fólki vinnu



	<ul style="list-style-type: none">• geti fjallað um lögmál Newtons• geti tengt hugtök eins og hraði, núningur og hröðun við lífið í kringum sig• nýti kunnáttu sína til að útbúa lítið farartæki og beita á það mælingum• þjálfist í að afla sér upplýsinga úr heimildum og með eigin athugunum• geti á greinagóðan hátt miðlað upplýsingum til annarra
<u>LÍFFRÆÐI</u>	<u>LÍFFRÆÐI</u>
Fruman	<ul style="list-style-type: none">• þekki frumuna sem grunneiningu allra lífvera, þekki helstu frumulíffæri og borið saman hlutverk þeirra
Stofnfruma	
Prótín – fita – kolvetni	<ul style="list-style-type: none">• geti útskýrt orkuvinnslu frumunnar
Melting	<ul style="list-style-type: none">• geti sagt frá ferð fæðunnar gegnum meltingarveginn, hvar fæðuefnin sundrast og í hvaða einingar þau brotna
Öndunarvegurinn	
Hjarta	<ul style="list-style-type: none">• þekki gerð öndunarfæra og geti útskýrt leið súrefnis alla leið til frumna
Blóðrás	<ul style="list-style-type: none">• geti lýst leið blóðs gegnum hjartað og hvernig það berst með blóðrásakerfi um líkamann
Æðakerfi	<ul style="list-style-type: none">• kynnist blóði sem einum af vefjum líkamans, hlutverki ónæmiskerfisins og tilgangi bóluasetninga
Ónæmiskerfi	<ul style="list-style-type: none">• kunni að finna eigin púls, útskýra hvar best sé að finna púls og af hverju þar
Lifur	<ul style="list-style-type: none">• geti útskýrt hvernig lifur og nýru starfa sem hreinsistöðvar líkamans og hvaða áhrif það hefur ef þessi líffæri starfa ekki rétt
Nýru	<ul style="list-style-type: none">• geri sér grein fyrir margvíslegum hlutverkum húðar
Húð	<ul style="list-style-type: none">• þekki uppbyggingu beina og geti bent á staðsetningu helstu beina líkamans
Bein	
Vöðvar	
Taugakerfi	
Skynfæri	
Innkirtlar	



	<ul style="list-style-type: none">• geri sér grein fyrir orsökum bakverkja og nauðsyn þess að fara vel með þann líkamshluta• geti sagt frá uppbyggingu vöðva og bent á stærstu vöðva líkamans• geri sér grein fyrir hvernig taugafrumur starfa og prófi á eigin líkama hraða taugaboða• þekki ýmis hugtök sem tengjast mismunandi hlutum taugakerfisins• þekki leið ljósgeisla í gegnum augað og leið hljóðbylgju um eyrað• geri sér grein fyrir mikilvægu starfi innkirtla og þekki helstu efni sem koma við sögu• kynnist starfsemi stofnfruma, geti sagt frá mikilvægi þeirra og myndi sér skoðanir á notkun stofnfruma úr fósturvísun.• skoði mataræði sitt og geri sér grein fyrir að þeir stuðla að eigin velferð með ábyrgu vali á fæðu• þekki helstu efni í matvælum og hlutverk þeirra í líkamanum• geri sér grein fyrir að lífsstíll hefur áhrif á þol og ástand hjarta• fái tækifæri til að handleika líffærin sem hann lærir um (svínainnyfli) og geti notað þekkingu sína til að útskýra það sem fyrir augu ber
--	--

Námsmat

Eðlisfræði: Nemendur skila inn styttri verkefnum og einni skýrslu. Litlar kannanir verða úr efninu eftir hvern kafla. Í lok október eða byrjun nóvember er lokapróf úr eðlisfræðihlutanum. Í stjörnufræðinni er ein stutt könnun á hugtakaskilningi, fyrirlestur nemenda og verkefni um kvartilaskipti tunglsins.



Líffræði: Kaflakannanir og verkefnavinna í tímum sem gildir í námsmati – t.d. verkleg vinna og skýrsluskil henni tengd. Ef tími vinnst til vinna nemendur myndband. Í maí er lokapróf úr efni annarinnar. Áhersla er á leiðsagnarmat í formi umsagna fyrir öll verkefni og kannanir.

Íþróttir og sund

Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir

Kennari: María Málfríður Guðnadóttir, Þórður G. Pétursson og Lilja Íris Gunnarsdóttir.

Námsefni

Kennsluaðferðir

Markmið íþróttá- og sundkennslu í 9. bekk er að efla hreyfifærni, samhæfni og félagsþroska nemenda, auka líkamspól þeirra, kraft og liðleika. Farið verður meira í knattleiki heldur en í yngri bekkjunum þar sem undirstöðuatriði og reglur verða kynntar. Lögð verður áhersla á aukna samvinnu og virkni nemenda í íþróttá- og sundtímum. Reynt verður að fara í sem flesta námsþætti þannig að nemendur finni eitthvað við sitt hæfi.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Íþróttir: Leikir	<ul style="list-style-type: none">• efla líkams- og félagsþroska• auki þol, kraft, snerpu og liðleika



Samvinna	• efli tjáningu og sköpun
Einstaklingsþjálfun	• haldi við grunntækni
Grunnþjálfun	• efli samvinnu og virkni
Fimleikar	
Frjálsíþróttir	
Knattleikir	
Þolpróf	
Dans	
Sund:	• geti synt 600 metra þolsund viðstöðulaust
Bringusund	• geti synt 100 metra bringusund á lágmarkstíma
Skriðsund	• geti synt 50 metra skriðsund á lágmarkstíma
baksund	• geti synt 25 metra baksund á lágmarkstíma
flugsund	• geti synt 25 metra flugsund
kafsund	• geti synt 8 metra kafsund
þolsund	• geti stungið sér í fötum, synt 8 metra kafsund og synt 50 m bringusund, troðið marvaða í 1 mínútu og synt sömu vegalengd tilbaka.
tímatökur	

Námsmat

Íþróttir: Námsmat í færni: liðleiki, kraftur (langstökk án atrenu og armbeygjur), hraði (20 m sprettur), samhæfing (sippa í 1 mín) og þol (þíptest). Námsmat sem byggist á símati kennara allan veturinn: virkni, áhugi, framkoma. Unnið er eftir hæfniviðmiðum aðalnámskráar og gefin er heildarlokaeinkunn að vori.

Sund: Símat í færni, virkni, áhuga og framkoma. Nemendur í 9. bekk mega reyna við 10. sundstigið og sleppa því sundi í 10. bekk ef þau ná 10. sundstiginu.

Einkunn gefinn í bókstöfum.



Upplýsingatækni

Tímafjöldi á viku: Eftir þörfum árgangs

Kennari: Ragnheiður Líney Pálsdóttir og aðrir kennarar

Námsefni

Office pakinn, GAFE, myndvinnsluforrit, frjáls hugbúnaður, öpp, netið og fleiri forrit sem henta nemanda hverju sinni og stafræn borgaravitund.

Kennsluaðferðir

Sýnikennsla, verklegar æfingar, sjálfstæð vinnubrögð og samvinna. Nemendur læra að nota mismunandi forrit og skila niðurstöðum með miðlum upplýsingatækninnar. Nemendur læra að nýta hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt, sem eykur rökhugsun, sköpun og skilning á hvernig hugsun er spegluð yfir á tæknina. Nemendur eru virkir þátttakendur í vali verkefna þar sem reynir á nýsköpun og hugmyndaflug.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Vinnulag og vinnubrögð Upplýsingaöflun og úrvinnsla Tækni og búnaður Sköpun og miðlun Siðferði og öryggismál	<ul style="list-style-type: none">nýti upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendumnýti rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám



- sýni sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum
- nýti sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt
- beiti réttri fingrasetningu
- nýti fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi
- nýti rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt
- geti verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga
- vinni með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá
- nýti hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða
- nýti hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum
- nýti hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna
- nýti hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu
- nýti hugbúnað/forrit við vefsmíðar
- geti rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi
- nýti hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt
- sýni ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu
- fari eftir reglum um ábyrga netnotkun, sé meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og geti tekið ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum



Námsmat

Í upplýsinga- og tæknimennt er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu við önnur námssvið. Þegar um samþætt nám er að ræða er mikilvægt að allir, sem koma að kennslunni, sinni námsmati en umsjónar- eða faggreinakennari tekur þó meginábyrgð á því.

Námsmat er alhliða og nær til allra færniþátta, endurspeglar hæfniviðmið og viðfangsefni. Metin er hæfni nemandans til að afla upplýsinga, ígrundunar, sjálfstæðis í vinnubrögðum og ábyrgðar á eigin námsframvindu. Nemandi fær leiðsögn alls þess fagfólks, sem að kennslunni kemur. Þeir sem að kennslu hans koma gefa umsögn um stöðu nemandans við að ná markmiðum sínum innan námsgreinarinnar og hæfni á sviði upplýsinga- og tæknimenntar.

Textílmennt - val

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku ½ veturinn.

Kennari: Hulda Hallgrímsdóttir

Námsefni

Aðallega er stuðst við efni frá kennara. Á þrjónunum eftir Unni Breiðfjörð. Einnig er stuðst við erlend hannyrða- og textílþækur og blöð. Nemendur velja sér verkefni eftir eigin höfði í samráði við kennara.

Kennsluaðferðir

Við innlögn verkefna er notast við einstaklings innlögn. Einnig er notuð bein kennsla með áherslu á að virkja og skapandi hugsun og sjálfstæði í vinnubrögðum.



Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Aðferðir	<ul style="list-style-type: none">• geti nýtt sér saumavél upp á eigið sjálfstæði
Form	<ul style="list-style-type: none">• geti nýtt sér formfræði
Rökstuðningur	<ul style="list-style-type: none">• geti nýtt sér val á efni
Efnisfræði	<ul style="list-style-type: none">• geti áætlað stærð og efnisþörf
Snið	<ul style="list-style-type: none">• geti skapað sitt eigið mynstur út frá sköpun
Máltaka	<ul style="list-style-type: none">• geti gagnrýnt eigið verk
Efnisþörf	<ul style="list-style-type: none">• geti gert textílverk að sínu
Sköpun	<ul style="list-style-type: none">• geti gert sér grein fyrir fallegu og vel unnu handverki
Gagnrýni	<ul style="list-style-type: none">• geti aflað upplýsinga á internetinu
Hugsun	<ul style="list-style-type: none">• geti tjáð sig um mismunandi tískustrauma
Hönnun	<ul style="list-style-type: none">• geti gert sér grein fyrir merkingum textílefna
Skreyting	<ul style="list-style-type: none">• geti tjáð sig um textíliðnað tengdum fatagerð
Mat	<ul style="list-style-type: none">• geti tjáð sig um mikilvægi umhverfis í textílgerð
Handbragð	
Litafræði	
Miðlar	
Saga	
Iðnaður	
Tjáning	
Tákn	
Tíska	
Sérkenni	
Merkingar	



Textíliðnaður	
Sjálfbærni	
Umhverfisvernd	

Námsmat

Námsmat er byggt á hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskólanna. Símat allt námstímabilið. Lokamat byggir á vinnusemi, áhuga, framkomu og hvernig nemandi fylgir fyrirmælum.

Myndmennt - val

Tímafjöldi á viku: Val, 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn

Kennari: Sigríður G.Valdimarsdóttir

Námsefni

Notað er efni frá kennara. Einnig valdir kaflar úr bókunum *Myndmennt 1 og 2*, höfundar Anna Cynthia Leplar, Katrín Briem, Margrét Friðbergisdóttir og Sólveig Helga Jónsdóttir og *Listasaga frá hellalist til 1900*, höfundar Halldór Björn Runólfsson og Ingimar Waage, útgefið af Námsgagnastofnun. Ásamt þessu notum við ýmsar listaverkabækur, netsíður, barna- og fræðibækur við vinnu okkar.

Kennsluaðferðir

Í einni kennslustund eru notaðar ýmsar kennsluaðferðir. Við innlögð verkefna er notast við útlitunarkennslu og einnig umræður og spurnaraðferð. Þegar kemur að verklegum æfingum er notast við leitaraðferð við hugmyndavinnu en einnig notuð bein kennsla með áherslu á að virkja skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð.



Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Aðferðir Sköpun Hugmyndir Miðlun Greining Tækni Skoðanir Tilfinningar Reynsla Gagnrýni Tilraunir Samtal Skrásetning Ímyndunarafli Rannsókn Orðaforði Hugtök Tjáning Þekking Sanngirni Virðing Stílar Stefnur Túlkun Fagurfræði Tilgangur	<ul style="list-style-type: none">• geti notað fjölbreyttar aðferðir og tækni við myndsköpun sína• geti sýnt tilfinningar og skoðanir sínar í myndverkum• geti á vinnuferlinum sýnt og útskýrt hvert vinnan stefnir• geti tekið þátt í að fjalla um sín verk og annarra á uppbyggilegan hátt• geti tekið þátt í samtali um ýmsa stíla og stefnur í myndlist• geti túlkað listaverk og hönnun miðað við reynslu og í tengslum við samtímann og fagurfræði• geti valið sér efni og aðferðir við sköpun sína



Námsmat

Námsmat er byggt á hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskólanna. Símat allt námstímabilið. Lokamat byggir á hvernig nemandinn fylgir fyrirmælum, hvernig færni hans og leikni er, hvort hann sýni áhuga á náminu og vinnusemi í tímum. Verkefni nemenda eru metin hvort þau séu vel unnin, vel útfærð, frumleg og metnaðarfull.

Heimilisfræði – val Eldað og bakað eða baksturssval

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á viku í tólf vikur

Kennari: Erla Sigurbjartsdóttir.

Kennsluaðferðir

Kennari útskýrir fyrir nemendum í upphafi tímans verkefni dagsins og fer yfir það á töflu og skjávarpa þar sem uppskrift er. Nemendum er síðan skipt í hópa þar sem þeir vinna saman 2 – 4 í hóp en það fer eftir hvert verkefnið er. Kennari rifjar reglulega upp helstu þætti næringarfræðinnar, fer yfir helstu áhöld og tæki og mikilvægi þess að lifa heilbrigðum lífsstíl.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið
	Nemandinn:



<p>Heilbrigði og lífstíll</p> <p>Næringarfræði</p> <p>Almenn þrif á heimilum</p> <p>Hráefni</p> <p>Læsi á uppskriftir</p> <p>Matreiðsluaðferðir</p> <p>Áhöld og mælitæki</p> <p>Slyshættur og viðbrögð við slysum í eldhúsi</p> <p>Verkaskipting á heimilum</p> <p>Flokkun og nýting hráefna</p> <p>Áhrif auglýsinga</p> <p>Matarmenning</p>	<ul style="list-style-type: none">• geri sér grein fyrir að góður svefn, gott mataræði og hreyfing séu mikilvægir þættir í heilbrigðum lífstíl• þekki orkuefnin, helstu vítamín og fæðuhringinn, og geti sett saman máltíðir sem innihalda sem flesta flokka sem ráðlagðir eru• geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis við matreiðslu og læri rétt vinnubrögð við uppvas• geri sér grein fyrir hráefniskostnaði og læri að fara vel með hráefni sem notað er• geti lesið uppskriftir af blaði og geti stækkað eða minnkað eftir þörfum• þekki helstu aðferðir við matreiðslu sbr. að sjóða, steikja og þjálfast áfram í að skera, saxa og flysja og nýti þannig hráefnin eftir bestu getu• haldi áfram að þjálfast í helstu aðferðum við bakstur sbr. að hnoða, hræra og fletja út• þekki helstu áhöld og mælitæki sem notuð eru við matreiðslu og bakstur og viti hvernig á að nota þau• þekki helstu hættur sem geta komið upp við vinnu í eldhúsi og geti brugðist við með fyrstu hjálp t.d ef nemandi brennir eða sker sig• nýti sér miðla til að fræðast um það helsta sem snýr að heimilishaldi• hugi að eigin heilbrigði með því að kjósa heilbrigðan lífstíl• geri sér grein fyrir mikilvægi þess að skipta með sér verkum og deila ábyrgð• læri að flokka og nýta hráefni sitt sem best• geri sér grein fyrir áhrifum auglýsinga á lífstíl einstaklinga• þjálfast í að vinna sjálfstætt
--	---



	<ul style="list-style-type: none">• virði skoðanir annarra• kynnist matargerð frá ýmsum löndum
--	---

Námsmat

Námsmat er byggt á hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskólanna. Einnig er farið eftir vinnusemi/sjálfstæði í vinnubrögðum nemenda, vinnubrögðum/leikni nemenda, framkoma og hegðun og samvinna með öðrum í hóp.